

landshöfðingja um það, hvort eigi viðhaldsskyldan framvegis skyldi hvíla á lands-  
sjóði, þar sem brúin væri á aðalþótleið.

98  
(framh.)

5. Við reikninginn úr Norður-Þingeyjarsýslu fann amtsráðið að athuga, að nán-  
ari skýrslu vantaði um útgjaldalið 2 (28 kr. fyrir vegagjörð við Jökulsá) og skyldi  
þessi skýrsla send forseta amtsráðsins.

Að öðru leyti gildir það sama, sem áður er tekið fram um reikninginn úr Suð-  
ur-Þingeyjarsýslu um fyrirmæli 24. gr. vegalaganna og yfirlitsskýrslu um hinar  
unnu vegabætur 1889.

Forseti skýrði frá, að hann hefði úrskurðað sýsluvegasjóðsreikninginn fyrir 1888,  
og lagði fram hjeradlútandi brjef sitt, 18. nóvbr. f. á., sem eigi var birt sýslu-  
nefndinni.

6. Við reikninginn úr Suður-Múlasýslu fannst ekkert að athuga og var hann  
þannig samþykktur. Þess skal getið, að sýslumaður hefur lofað að senda úttekta-  
gjörð á vegagjörðinni á Gagnheiði.

Amtsráðið óskar eftir því, að sýslumaður sendi forseta amtsráðsins stutta yfirlits-  
skýrslu um sýsluvegagjörðir þær, sem fram hafa farið á árinu 1889, sbr. 21. gr.  
laga 10. nóvbr. 1887 um vegi, og láti slíka yfirlitsskýrslu fylgja sýsluvegasjóðs-  
reikningi sínum eptirleiðis.

Reikningurinn úr Norður-Múlasýslu var ókominn, og fól amtsráðið forseta sín-  
um að úrskurða hann síðar.

Forseti lagði fram úrskurð sinn á reikningnum fyrir 1888, og skýrði frá að  
hann hefði fundið ástæðu til að hlutast til um, að sýsluvegagjörðin í Borgarfjarð-  
arhrepp 1888 yrðin tekin út af tilkvöddum mönnum; kom það þá fram, að kostna-  
aðurinn við þessa vegagjörð hafði verið oftalinn um 99 kr., en eptir framkominni  
skýrslu frá þeim manni, sem hafði sjeð um vegagjörðina, og sem skýrði svo frá, að  
það hefði verið gáleysi sínu að kenna, að þessi misreikningur hefði átt sjer  
stað, og eptir tillögum sýslumanns ályktaði amtsráðið, að það mætti við það standa,  
að áminnstar 99 kr. yrðu greiddar í sýsluvegasjóð, og taldar með tekjum í reik-  
ningnum fyrir 1889. Að öðru leyti býst amtsráðið við, að þess sje gætt vandlega  
eptirleiðis, sem fyrir er mælt í 24. gr. laga 10. nóvbr. 1887 um vegi, en þó skyldi  
það nægja, ef um smáaðgerðir á vegum væri að ræða, að vottorð tveggja valin-  
kunnra manna, sem eigi hefðu tekið þátt í vegabótinni, lægju fyrir um hið unna  
verk.

Fleiri mál komu ekki til umræðu og var því fundi slitið.

J. Havsteen. Einar Ásmundsson. B. G. Blöndal.

Akureyri, 15. júlí 1890.

J. Havsteen.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um  
umsjón og viðhald á Skjálfandaflljótsbrúnni. — Útaf þóknanlegu brjefi yðar, herra  
amtmaður, dags. 2. júlí þ. á. viðvíkjandi viðhaldsskyldu á Skjálfandaflljótsbrúnni, skal  
yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að þar sem brú þessi nú liggur á aðalþótleið,  
mun jeg ekki skorast undan að greiða eptirleiðis af landssjóði þann kostnað, sem nauð-  
synlegur er til viðhalds brúnni, eptir úrskurðuðum reikningum í hvert skipti. Aftur á

106  
2. septbr.

**106** móti fæ jeg ekki sjeð að vegalögin 10. nóv. 1887 hafi gjört nokkra breytingu á ákvörð-  
2, septbr. un laga Nr. 6, 27. febr. 1880 um brúargjörð á Skjálfandafhljóti, og verður því sýslu-  
nefndin í Suður-Þingeyjarsýslu eptir sem áður að hafa umsjón yfir brúnni samkvæmt  
4. gr. nefndra laga.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar.

**107** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um  
3. septbr. jarðabæturnar á Staðarbyggðarmýrum. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 4. júlí p. á., hafið  
þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá, að eptir að jeg 10. septbr. 1887 hafði veitt sýslu-  
nefndinni í Eyjafjarðarsýslu sem leiguliða á þjóðjörðinni Syðra-Laugalandi í Staðar-  
byggð 87 meðalálna linun í landskuldinni af jörðinni fardagaárin 1886—89, gegn því  
að sýslunefndin innan júlímánaðarloka 1888 hefði fullkomlega látið endurbæta flóðgarð,  
tilheyrandi jarðabótinni á Staðarbyggðarmýrum, er nefnist Grásteinsgarður, og svonefnda  
Laugalandsbrú, og sýslunefndin hafði gengizt undir að endurbæta þessi tvö mannvirki,  
hafið þjer orðið þess áskynja, að sýslunefndin mundi ekki hafa fullnægt hinum settu  
skilyrðum fyrir landsskuldarinuninni, og heimtað skýrslu umboðsmannsins yfir Munka-  
þverárklaustri um þetta atriði, og er þjer af skýrslu hans höfðuð fengið vissu fyrir, að  
sýslunefndin í árslok 1889 var enn ekki farin að láta endurbæta fyrnefndan Grásteinsgarð,  
hafið þjer lagt fyrir umboðsmanninn að sjá um, að sýslunefndin fullnægði skyldu sinni,  
að því er snertir fullkomna viðgjörð á flóðgarði þessum, innan júlímánaðarloka 1890.  
Í stað þess að verða við þessari áskorun yðar, hefur sýslunefndin borið það fyrir, að  
aðgjörð á Grásteinsgarði, sem eptir áliti búfróðra manna væri ónauðsynlegur fyrir Syðra-  
Laugaland, mundi kosta allt að 1000 kr., og þó ekki geta orðið til frambúðar, með  
því að hann á næsta ári mundi eyðileggjast af vatnságangi, og af þessum ástæðum hef-  
ur sýslunefndin ályktað að fara þess á leit við landsstjórnina, að hún breytti þessari að-  
gjörðarkröfu sinni á hendur sýslunefndinni, en að öðrum kosti að segja Syðra-Laugalandi  
lausu fyrir næstu jólaföstu.

Jafnframt og þjer ýtarlega hafið sýnt fram á, að áminnst ályktun sýslunefnd-  
arinnar í Eyjafjarðarsýslu, sem að öðru leyti er felld úr gildi af amtsráðinu að því er  
snertir lausasögn á Syðra-Laugalandi, sje mjög svo vanhugsuð, og að málavextir þeir,  
sem bornir eru fram henni til stuðnings, sjeu alls eigi rjett hermdir, hafið þjer lagt það  
til, að þó að sá galli sje ennfremur á optnefndri ályktun, að því er snertir beiðni sýslu-  
nefndarinnar um breyting á kröfu landsstjórnarinnar um aðgjörð á Grásteins-  
garðinum, að ekkert er tekið fram um, í hverju sú breyting skuli vera fólgin,  
þá sje beiðni sýslunefndarinnar um þetta efni að því leyti tekin til greina,  
að sýslunefndinni sje veittur sá kostur, að hún á yfirstandandi sumri láti á  
sinn eigin kostnað tvo búfróða eða kunnuga og óvilhalla menn, sem sýslumaður til-  
nefnir skoða Grásteinsgarðinn í víðurvist umboðsmanns og gjöra uppástungu um, hvernig  
breyta mætti garðinum og stefnu hans, þannig að hann gjörði full not eptir sem áður,  
að sýslunefndin síðan með hliðsjón af þessari skoðunargjörð láti uppi ákvedna yfirlýs-  
ing sína um, hvernig hún óski að garðinum yrði breytt — en allur kostnaður við þá  
breytingu yrði að greiðast af sýsluffelaginu — og að málið síðan sje borið upp fyrir  
landsstjórninni til úrskurðar með tillögum amtsins og hlutadeigandi umboðsmanns.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar